



**Haustþing**  
**Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar**  
**á Norðurlandi eystra, SSNE**  
**6. október 2023**  
**Haldið rafrænt á Teams.**

## Þinggerð

### Þingsetning

**Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE**, setur þingið kl. 08:30 og býður þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Þá tilnefnir formaður Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur framkvæmdastjóra SSNE sem þingforseta og Díönu Jóhannsdóttur verkefnisstjóra SSNE sem þingritara.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti vekur athygli fundargesta á því að fundurinn sé tekinn upp til hægðarauka fyrir ritun fundargerðar.

Þingforseti kynnti tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

*Arnar Þór Stefánsson, Fjallabyggð – formaður*  
*Hulda Elma Eysteinsdóttir, Akureyrarbær*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

### Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um skýrslu stjórnar um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar, Starfsáætlun SSNE fyrir árið 2024 og Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs.

**Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar** flytur skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar 2023 og drög að starfsáætlun SSNE 2024. [Skýrslu stjórnar](#) og [drög að starfsáætlun SSNE árið 2024 má finna á heimasíðu SSNE](#).

**Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnisstjóri fjármála** kynnir stöðu fjárhagsáætlunar SSNE fyrir árið 2023 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. [Uppfærð fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 má finna á heimasíðu SSNE](#).

**Hilda Jana Gísladóttir, formaður úthlutunarnefndar** kynnir starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. [Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra má finna á heimasíðu SSNE](#).

Þingforseti opnar mælendaskrá um skýrslu stjórnar um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar 2023, starfsáætlun 2024, og starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra.

Rætt var um leiðir til að lækka kostnað SSNE og var þar meðal annars rætt um umsýslukostað vegna Uppbyggingarsjóðs. Vakin var athygli á starfsemi Uppbyggingarsjóðs og var úthlutunarnefnd þakkað fyrir sína vinnu.

Til máls tóku: Hjálmar Bogi Hafliðason, Albertína Friðbjörg og Katrín Sigurjónsdóttir.

Arnar Stefánsson, formaður kjörnefndar kom upp og gerði grein fyrir mætingu á þingið, en 25 þingfulltrúar af 35 eru mættir og var einnig löglega til þingsins boðað og þingið úrskurðað löglegt.

Þingforseti greindi frá því að verið sé að leggja lokahönd á ítarlega umsögn um fjárlagafrumvarp ársins 2024 og verður það sent út til allra aðildarsveitarfélaga.

## Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

**Leifur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra** sagði frá helstu verkefnum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sem áður hafði verið send á sveitarfélögin til umfjöllunar.

*Þingforseti opnar mælendaskrá.*

Leifi var þakkað fyrir góða yfirferð en einnig var ræddur fundur HNE og ráðuneytisins.

Til máls tóku: Katrín Sigurjónsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Pröstur Friðfinnsson.

*Gert er kaffihlé til kl 10:15.*

## Ávörp gesta

Þingforseti gefur **Guðlaugi Þór Þórðarsyni**, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra orðið og kom ráðherra meðal annars inn á skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum, raforkuspá Landsnets, breytingar á hlutverki ofanflóðasjóðs og orkuskipti.

Þingforseti opnar mælendaskrá um erindi ráðherra.

Ráðherra var spurður um rafvæðingu hafna og hvort stjórnvöld myndi setja meira fjármagn í það verkefni. Rætt var um hvort forgangsraða ætti höfnun fyrir rafvæðingu en ráðherra taldi æskilegast að allar hafnir yrðu rafvæddar. Þá var vakin athygli á ferjuhöfnun og minnt á stefnu ríkisstjórnarinnar um fjarfundi.

Til máls tóku: Pröstur Friðfinnsson, Knútur Emil Jónasson, Áki Ármann Jónsson, Ásrún Ýr Gestsdóttir og Albertína Friðbjörg.

Þingforseti gefur **Guðmundi Val Guðmundssyni** hjá Vegagerðinni orðið í forföllum Bergþóru Þorkelsdóttur forstjóra. Guðmundur kom meðal annars inn á orkuskipti hafna, vetrarþjónustu, almenningssamgöngur og samgönguáætlun.

Þingforseti opnar mælendaskrá um erindi gesta.

Spurt var um almenningssamgöngur milli Kópaskers og Raufarhafnar, dýpkun hafna, vetrarþjónustu og brúarframkvæmdir. Þá var umræða um héraðsvegi og skort á fjármagni í þá.

Til máls tóku: Hjálmar Bogi Hafliðason og Ásta Pétursdóttir.

## Tillaga að Samgöngustefnu Norðurlands eystra 2023-2033

Pingforseti tekur til máls og kynnir tillögu stjórnar Samgöngustefnu Norðurlands eystra 2023-2033, en tillagan er afrakstur af áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Verkefnið var fyrst kynnt á ársþingi SSNE 2022 á Húsavík og var í kjölfarið skipaður starfshópur með fulltrúum allra sveitarfélaga á starfssvæði SSNE, auk þess sem Svanfríður Inga Jónasdóttir var ráðin til að stýra umræðum í starfshópnum, í samstarfi við RHA. Í hópnum sátu eftirfarandi fulltrúar:

Andri Teitsson, Akureyrarbæ  
Bergur Elías Ágústsson, Norðurþingi  
Helga Íris Ingólfssdóttir, Dalvíkurbyggð  
Jóna Björg Hlökkversdóttir, Þingeyjarsveit  
Jónas Þór Jónasson, Hörgársveit  
Linda Margrét Sigurðardóttir, Eyjafjarðarsveit  
Sigríður Ingvarsdóttir, Fjallabyggð  
Sigurður Þór Guðmundsson, Langanesbyggð  
Þórunn Sif Harðardóttir, Svalbarðsstrandarhrepp  
Þröstur Friðfinnsson, Grýtubakkahrepp

Starfshópurinn skilaði vinnunni til stjórnar í maí, og voru drög send til kynningar á sveitarfélögum í framhaldinu. Áframhaldandi vinna var svo í höndum stjórnar og starfsfólks SSNE.

Pingforseti leggur til að farið verði í gegnum hvern kafla fyrir sig og umræður opnaðar undir hverjum kafla og hver kafla samþykktur áður en stefnan í heild er samþykkt í lokin. Engar athugasemdir eru gerðar við þá tilhögun.

### *Jarðgöng*

Ákveðið að fá uppfærðar tölur frá Vegagerðinni í tengslum við kostnaðartölur, ef þær fást ekki verði þær teknar út.

Til máls tóku: Arnar Þór Stefánsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

### *Hættulegir kaflar*

Pingforseti fór yfir athugasemdir í tengslum við hættulega kafla sem bárust frá Lindu Margréti Sigurðardóttur sveitarstjórnarfulltrúa í Eyjafjarðarsveit.

### *Endurnýjun malavega*

Rætt um að bæta fleiri malarvegum inn þar sem báðir þeirra sem tilgreindir eru í áætluninni eru á núgildandi samgönguáætlun. Þá var rætt að tengja við þennan kafla áhersluverkefnið Útrýming Malarvega. Stjórn og framkvæmdastjóra falið að bregðast við þeim athugasemdum sem fram komu. Til máls tóku: Arnar Þór Stefánsson, Albertína Friðbjörg, Jóna Björg Hlökkversdóttir og Ásta Pétursdóttir.

### *Vetrarþjónusta*

Rætt um öryggismál á svæðinu og staðsetningar sjúkrabifreiða og þyrlu. Lögð fram tillaga um að bæta við texta um sjúkraflutninga og var sú tillaga samþykkt. Ítrekað mikilvægi Dettifossvegar, sérstaklega vegna fiskeldis og mikilvægi þess að koma afurðum í Norrænu.

Til máls tóku: Þorsteinn Egilsson og Áki Ármann Jónsson.

### *Stytting vegalengda*

Miklar umræður sköpuðust um hvort og hvernig ræða ætti styttingu í öðrum landshlutum í

samgöngustefnu svæðisins.

Til máls tóku: Arnar Þór Stefánsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Halla Björk Reynisdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Ásta Pétursdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir og Hjálmar Bogi Hafliðason.

#### *Hafnir*

Rætt um aðstöðu við ferjuhafnir og vakin sérstök athygli á því að ræða þyrfti viðbragð björgunarbáta, samþykkt að bæta inn í stefnuna áherslu á endurnýjun og viðbragð björgunarbáta.

Til máls tóku: Arnar Þór Stefánsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir og Þorsteinn Egilsson.

#### *Raforkukerfi*

Rætt um slæma stöðu raforkumála í Langanesbyggð og lögð fram tillaga um harðari afstöðu í raforkumálum, var sú tillaga samþykkt.

Til máls tóku: Þorsteinn Egilsson, Þröstur Friðfinnsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Arnar Þór Stefánsson.

#### *Fjarskipti*

Rætt um mikilvægi tetra kerfisins og nefnd dæmi um sambandsleysi t.d. í Hófaskarðinu.

Til máls tóku: Þorsteinn Egilsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

#### *Almenningssamgöngur*

Rætt um að gæta þyrfti að fyrirsjáanleika og tíðni ferða til og frá Hrísey, endar margir sem sækja vinnu, skóla og tómstundir til Akureyrar.

Til máls tóku: Ásrún Ýr Gísladóttir og Albertína Friðbjörg.

Helena Eydís Ingólfssdóttir lagði til að bæði brúin yfir Sandá í Pistilfirði og brúin yfir Brunná í Öxarfirði yrðu inni í stefnunni. Ekki voru gerðar athugasemdir við þá tillögu.

Skjalið í heild er sent til stjórnar SSNE sem mun bregðast við umræðum þingsins. Þingið felur stjórn SSNE að ganga frá lokaútgáfu skjalsins. Samþykkt með meirihluta atkvæða (20).

## Önnur mál

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins að þingforseti og þingritara sé falið að klára þinggerð.

## Þingi slitið

Þingforseti þakkar fyrir góðan fund og fól Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE að slíta þinginu. Lára Halldóra þakkar þinggestum og starfsmönnum SSNE fyrir gott þing.

*Þingi slitið 12:30.*